

# Foreldraráðsfundur 27. ágúst 2019

Mættir: Sigurlaug, Rannveig Klara, Arna og

## 1. Aðalfundur og fræðslukvöld foreldra

Ákveðið að hafa Aðalfund þriðjudaginn 8 október.

Ræddum hvaða fyrirlesari/fyrirlesarar væri spennandi að fá á fræðslukvöldið. Eftirfarandi tillögur komu fram:

- Sigga Dögg kynfræðingur – tala um?
- Hermundur Sigmundsson taugasálfræðingu– tala um seiglu
- Litla kvíðamiðstöðin
- Fá fyrirlesara sem talar um áhrifavalda og áhrif þeirra á krakkana okkar

Silla ræðir við námsráðgjafa/félagsfulltrúa skólans og fær líka tips frá þeim.

## 2. Gjöf / styrkir til skólans og/eða Nemendafélagsins

Það hefur skapast hefð ef foreldraráðið á pening í byrjun hausts að veita styrk eða gefa skóla eða nemendafélaginu gjöf ef þeim vantar eitthvað ákveðið sem kemur flestum nemendum til góða.

Foreldraráðið á um 700.000 krónur inná reikningnum. Silla talaði við Dag Kárason nýjan formann nemendafélagsins og hann er að hugsa málið (minnst á að þeim vantaði Router í aðstöðuna í kjallaranum). Hann verður í bandi við okkur.

## 3. Verslóball 5. september

Busaballið verður haldið á Hliðarenda fimmtudaginn 5. September. Þetta verður stórt ball þannig að við þurfum sirka 12-15 í gæsluna fyrir utan. Silla verður erlendis og því þarf einhver að taka kassann niður í skóla (teppi ofl) og búa til heitt kakó fyrir ballgæsluna og kaupa kexpakka og nammi.

## 4. Silla hættir sem formaður

Nú er Silla búin að vera formaður í tvö ár en það er tíminn sem hver formaður situr. Rannveig Klara er tilbúin að taka við keflinu og ef engin

mótframboð á aðalfundinum að þá er hún sjálfkjörin. Hún á örugglega eftir að standa sig vel!